

328. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 2. júní 2025 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, fulltrúi skipulags og umhverfismála.

Fyrir tekið:

1. 2501137 - Vinnuskólinn 2025

Launaáætlun vinnuskólans fyrir árið 2025 lögð fram.

Garðyrkjustjóri kynnti umsóknir vinnuskólans fyrir árið. Fleiri umsóknir bárust en gert var ráð fyrir. Skipulags- og umhverfissvið felur garðyrkjustjóra að aðlaga vinnutíma að fjárhagsáætlun.

2. 2505210 - Kirkjubraut 39 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Kirkjubrautar, sótt er um að heimila íbúð á jarðhæð.

Skipulags- og umhverfisráð hafnar erindinu. Bent er jafnframt á að skoða þarf fyrirkomulag á staðsetningu djúpgáma.

3. 2505243 - Landsnet - kerfisáætlun 2025 - 2034

Umsögn Akraneskaupstaðar um kerfisáætlun Landsnets 2025-2034.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi umsögn og felur bæjarstjóra fullnaðarafgreiðslu í málinu.

4. 2504041 - Suðurgata 126 breyting á deiliskipulag Sementsreit - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn S126 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Sementsreits vegna lóðar Suðurgötu 126. Sótt er um að heimilt verði að byggja við íbúðarhúsnæði á lóð skilgreint sem B-matshluti ásamt því að heimilt verði að byggja bifreiðargeymslu allt að 39 fm sem skilgreint er sem C-byggingarreitur.

Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum Skagabraut 21, 23, 24, og 25, Sementsbraut 15 og Jaðarsbraut 3. frá 23.04.2025 til 23.05.2025.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynning sem gerð var skv. 43. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr 123/2010 verði samþykkt og send á Skipulagsstofnun og í B-deild stjórnartíðinda.

5. 2505245 - Samgönguáætlun 2026-2030 endurskoðun áætlunar - Hafnaframkvæmdir og sjóvarnir



Umræða um verkefni og forgang í sjóvörnum

Í undirbúningi hjá Vegagerðinni á þessu ári eru endurbætur á sjóvarnargarði í Krókalóni og við norðurhluta á Ægisbraut.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að sækja um að í samgönguáætlun fyrir 2026 - 2030 verði unnið við lagfæringu á grjótvörn á Vitasvæðinu á Breið, á endurgerð á Langasandi vestanverðum, uppbyggingu á þróunarsvæðinu á Breið og nýr garður á Grenjum.

6. 2502161 - Nýtt deiliskipulag Kirkjubraut

Laugardaginn 24. maí var haldinn vinnufundur vegna hönnunar grænna svæða á nýju skipulagi Kirkjubrautar í samstarfi við Studio Jæja, á fundinn mættu 40 manns auk Bæjarfulltrúa.

Skipulags- og umhverfissráð vill þakka þeim íbúum sem tóku þátt í skemmtilegri og líflægri vinnu. Niðurstöður vinnufundar verða nýttar í skipulagsvinnu fyrir Kirkjubraut.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:41.

Guðrún - Ragnheiður Guðjónsdóttir
Anna Solveig Smáradóttir
Ragnheiður Smáradóttir